

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Skýrsla á aðalfundi SSNE 10. okt. 2020

Alfreð Schiöth, framkvæmdastjóri



Markmið

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur þau markmið að að vernda heilnæmt og ómengað umhverfi og efla og standa vörð um góða lýðheilsu. Þessu er framfylgt með almennri fræðslu; vöktun; rannsóknum; samvinnu við yfirvöld og hagsmunaaðila, með eftirliti og eftirfylgni og eftir atvikum með beitingu þvingunarúrræða.

Lagagrunnur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Lagagrunn heilbrigðisnefnda og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES) er að finna í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998 með breytingum), lögum um matvæli (nr. 93/1995 með breytingum) og lögum um tóbaksvarnir (nr. 6/2002 með breytingum).

Einnig hafa komið til lög um stjórn vatnamála, lög um umhverfisábyrgð og lög um efni og efnavörur. Lagabreytingar hafa komið til um ríkari frumkvæðisskyldu stjórnvalda til að upplýsa um mál sem varða samfélagslega hagsmuni. Ný heildarlög um umhverfisábyrgð tóku gildi 2012 og þar er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og í ráðsins um umhverfisábyrgð og einnig er mengunarbótareglan innleidd (Polluter Pays Principle). Þannig er þeim sem bera ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi (eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni) gert að bæta tjónið og bera allan kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum og úrbótum; þ.m.t. vegna rannsókna. Breytingar hafa orðið á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.a. hvað varðar verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda og áform eru um enn frekari breytingar, s.s. um tilkynningaskyldu í miðlæga þjónustugátt í stað starfsleyfisskyldu. Umhverfisstofnun fer með stjórnsýslu og eftirlit með framkvæmd laga um umhverfisábyrgð og einnig koma lögregla og landhelgisgæsla að málum. Breytingar hafa orðið á matvælalögum þar sem kröfur til samræmingar á framkvæmd og skráningu matvælaeftirlits og birtingu upplýsinga úr eftirliti eru auknar.

Megin markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðuðum umhverfi. Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Sveitarstjórnir, byggingarnefndir og önnur yfirvöld sveitarfélaganna, sem og ríkisstofnanir, skulu leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir vegna framkvæmda sem lög in um hollustuhætti og mengunarvarnir taka til.

Fjölmargar reglugerðir, skilyrði og leiðbeiningar eru gefnar út með stoð í fyrrnefndum lögum. Starf heilbrigðisfulltrúa skarast gjarnan við starf annara embætta, s.s. skipulags- og byggingafulltrúa, eldvarnaeftirlits, Vinnueftirlits ríkisins, embætti landlæknis og Umhverfis- og Matvælastofnunar (héraðsdýralæknis).

Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðisnefnda og heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með framleiðslu, nema þegar um er að ræða starfsemi sem heyrir undir eftirlit Matvælastofnunar. Fyrirtæki sem eru undir svökölluðum ñsmáræðismörkumò eru ekki háð starfsleyfi. Matvælastofnun fer með eftirlit með frumframleiðslu (að undantekinni frumframleiðslu og þökkun matjurta), innflutningi og útflutningi landbúnaðarafurða, kjötvinnslum (að undanskildum kjötvinnslum sem starfræktar eru í smásöluverslunum), mjólkurstöðvum og eggjavinnslu, meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, heilbrigðisskoðun eldisfisks, meðferð, flutningi, geymslu, vinnslu og dreifingu sjávarfurða (að undanskilinni smásölu) og innflutningi annara matvæla.

Umhverfisstofnun (www.ust.is) og Matvælastofnun (www.mast.is) samræma og hafa yfirumsjón með störfum heilbrigðisnefnda. Á heimasíðum þessara stofnana er að finna margvíslegan fróðleik og fræðsluefni og einnig er þar greiður aðgangur að helstu lögum og reglum; flokkað undir mismunandi forsendum.

Starfsemi heilbrigðisnefnda heyrir þannig undir tvö ráðuneyti; Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga um hollustuhætti og mengunarvarnir skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laganna

Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd matvælalaga skal sömuleiðis vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laganna.

Nokkur verkefni yfirstandandi árs

Fjölmörg erindi hafa borist Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra varðandi skipulagsmál og aðgerðir til að lágmarka umhverfisáhrif og árekstra á milli t.d. atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar.

Loftgæðamál eru vaxandi verkefni og mikilvægt að ná tökum á svifryksvandamálum sem tengjast umferð í þéttbýli; fjölmargir þættir hafa áhrif á málið, s.s. notkun nagladekkja, slitþol gatna, sópun og spúlun gatna, notkun mismunandi hálkuvarefna og efna til rykbindingar. Á Akureyri er rekinn loftgæðamælir í samstarfi Umhverfisstofnunar og Akureyrarbæjar og því miður eru niðurstöður varðandi svifryk í Akureyrarbæ þannig að grípa þarf til mjög ákveðinna aðgerða, sjá tengil um mælingarnar: www.loftgaedi.is. Í seinni tíma hafa komið til auknir möguleikar til rykbindingar og hálkuvana, s.s. möguleikar á notkun á magnesíumklóríð og CMA (Calcium Magnesium Acetate).

Á fundi heilbrigðisnefndar þann 6. nóv. 2019 var eftirfarandi bókað um svifryksvanda í Akureyrarbæ og mengun frá skemmtiskipum og mögulegar aðgerðir:

Ásvifryksvandi í Akureyrarbæ er lýðheilsuvandamál sem kallar á ákveðnar úrbætur að hálfu Akureyrarbæjar (gatnakerfi bæjarins) og Vegagerðar ríkisins (þjóðvegir).

Heilbrigðisnefnd mælist til þess að Akureyrarbær og Vegagerð ríkisins noti eingöngu salt/saltþækil til hálkuvana á Akureyri veturinn 2019 til 2020 og meti árangur af þessari breytingu á verklagi m.t.t. svifryks í Akureyrarbæ að loknum vetri.

Jafnframt verði gert átak í því að efla þrif (sópun og smúlun) á götum bæjarins og að notaður verði sjór og eftir atvikum magnesíumklóríð til rykbindingar á götum bæjarins. Gert verði átak í því að fyrirbyggja að óhreinindi berist á götur bæjarins með vörubílum og vinnuvélum af byggingar- og athafnasvæðum (krafa um vandað verklag og að verktakar þrifi upp eftir sig ef óhreinindi berast út á götur).

Þá er minnt á mikilvægi þess að koma á framfæri fræðslu og upplýsingu til bæjarbúa um mikilvægi þess að velja naglalaus vetrardekk frekar en nagladekk m.t.t. svifryks og lýðheilsu.

Að lokum er gerð tillaga um að Akureyrarbær og Akureyrarhöfn fjárfesti í færanlegum svifryksmæli sem verði notaður gagnert til þess að fylgjast með svifryki víðsvegar í bænum og einnig vegna mengunar frá skemmtiferðaskipum í Akureyrarhöfn (færanlegur mælir til viðbótar við fasta mælistöð sem er til staðar í miðbænum).^ñ

Mörg sveitarfélög beita sér fyrir hreinsunarátaki með aðstoð heilbrigðisfulltrúa, um er að ræða hvatningu til íbúa og fyrirtækja um tiltektir að loknum vetri og að halda síðan í horfinu. Heilbrigðisfulltrúi getur beitt álímingarmiðum vegna númerslausra bifreiða og lausadóts sem er til ama og fjarlægt á kostnað viðkomandi eiganda. Mikilvægt er að sveitarfélög hafi góða innviði og verkferla þannig að hreinsunaraðgerðir gangi greiðlega (samning við verktaka um flutning og geymslu í lokuðu rými). Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir vinna nú að endurskoðun verkferla í framhaldi af áliti umboðsmanns Alþingis. Gerð er aukin krafa um að hafa uppi á eigendum númerslausra bifreiða áður en að ákvörðun er tekin um að fjarlægja slíkar bifreiðar.

Ánægjulegt samstarf er við Matvælastofnun um skráningarkerfi vegna matvælaeftirlits (Ísleyfur) og það skráningarkerfi hefur verið í aðlögun að þörfum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og er í notkun hjá HNE til að mæta auknum lagakröfum um samræmingu í framkvæmd og skráningu matvælaeftirlits (ítarlegur gátlisti á matvælasviði). Einnig er mögulegt að nota þennan gagnagrunn til skráningar á mengunarvarna- og hollustuháttasviði. Matvælastofnun og Umhverfisstofnun gefa út skoðunarhandbækur, leiðbeiningar og skilyrði til að samræma eftirlit og mæta kröfum skv. laga- og regluverki á hverjum tíma. Þá liggur fyrir þjónustusamningur við Áka Ármann Jónsson fyrrum starfsmann hjá Umhverfisstofnun um skráningarkerfi vegna eftirlits á mengunarvarna- og hollustuháttasvið og það samstarf hefur sömuleiðis verið ánægjulegt og gagnlegt og byggir á hugbúnaði sem Umhverfisstofnun hefur notað til skamms tíma.

Á síðustu árum hafa borist mörg erindi frá sýslumönnum vegna afgreiðslu rekstrarleyfa fyrir gistipjónustu og hafa heilbrigðisfulltrúi, skipulags- og byggingafulltrúi og fulltrúi Vinnueftirlits ríkisins samstarf um framkvæmd eftirlits og þannig er leitast við að hagræða í eftirliti. Óleyfisstarfsemi er ákveðið vandamál og borið hefur á tíðum aðilaskiptum í atvinnugreininni. Svokölluð 90 daga skráning er einfaldur farvegur fyrir takmarkaða gistipjónustu og heldur Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu utan um slíka skráningu. Upplýsingasíða er: www.heimagisting.is. Covid 19 faraldurinn hefur haft neikvæð áhrif á gisti- og veitingapjónustu og verið afar íþyngjandi fyrir samfélagið. Heilbrigðisfulltrúar hafa unnið að upplýsingagjöf og fræðslu í samstarfi við sóttvarnalækni og Umhverfisstofnun og komið leiðbeingum á framfæri, t.d. gagnvart sundlaugum, líkamsræktarstöðvum og hársnyrtistofum.

Matvælastofnun hefur gefið út ýmsar nýjar leiðbeiningar á matvælasviði og unnið hefur verið að sameiginlegum eftirlitsverkefnum og niðurstöður kynntar framleiðendum og almenningi og knúið á um úrbætur þar sem þörf er á. Dæmi um slíkt verkefni er skimun á sýklum í kjöti á markaði, t.d. kólísýkingum með svokölluðu Shigellatoxíni og vöktun á sýklalyfjaónæmi. Stent er að opinberri birtingu á frammistöðumati matvælafyrirtækja.

Talsvert hefur unnist í gagnasöfnun um ástand vatns í kjölfar laga um stjórn vatnamála og rannsóknir HNE um ástand yfirborðsvatns og strandsjávar á undanförunum árum hafa komið mjög að gagni. Umhverfisstofnun kemur að málum varðandi ráðgjöf og gagnasöfnun og stöðumat. HNE hefur haldið á lofti mikilvægi þess að sláturhús, kjöt- og fiskvinnslur innleiði hreina framleiðslutækni og bestu fánlegu tækni (BAT) til að lagmarka umhverfisáhrif og þar hefur náðst árangur.

Þá er mikilvægt er að sveitarfélög setji í fráveitusamþykktir skýr og mælanleg viðmið um forhreinsun á iðnaðarskólpi (t.d. fitu- og olíuskiljur) áður en að því er veitt inn á fráveitukerfi sveitarfélaga. Sú skylda hvílir á eigendum fráveitna að fullnægja kröfum um hreinsun á fráveituvatni áður en því er veitt í viðtaka og að koma útrásum þannig fyrir að mengun verði innan ákveðinna marka.

Breytingar sem hafa orðið hafa í Mývatni undanfarin ár eru áhyggjuefni og áhersla er lögð á að ná árangri varðandi úrbætur á fráveitukerfum í Mývatnssveit. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps og stærri rekstraraðilar í sveitarfélaginu með hafa tekið frumkvæði í þessu máli og skipulagt úrbætur í fráveitumálum; gagnert í þeim tilgangi að draga úr álagi á Mývatn af völdum næringarefna. Um er að ræða söfnun svartvatns til uppgræðslu á Hólasandi og hreinsun grávatns verður í hefðbundnum rotþróm og síubeðum. Ríkisvaldið hefur komið að málinu og veitir ákveðinn fjárstuðning til fráveituframkvæmda og annara úrbóta.

Því miður eiga mörg sveitarfélög langt í land varðandi úrbætur á fráveitukerfum og ákveðin hættu á að mengun í fjöllum geti komið sér illa fyrir hagsmunum matvælavinnslu, ferðaþjónustu og útivistar. Úrbætur á fráveitum verða að fá aukinn forgang hjá sveitarstjórnunum. Merkur áfangi í fráveitumálum náðist á árinu þegar Norðurorka tók í notkun nýja fráveitu til sjávar á Akureyri ásamt skólphreinsivirki. Dalvíkurbyggð hefur einnig unnið ötullega að úrbótum í fráveitumálum. Endurskoðuð og endurbætt fráveitureglugerð hefur verið í smíðum í Umhverfisráðuneytinu og setur væntanlega enn frekari þunga í málaflokkinn.

Kröfur til sundlauga hafa verið að breytast og talsverð vinna hefur fylgt því að upplýsa og fylgja eftir nýjum reglum er varða öryggi og almenna hollustuhætti. Öryggismál á leiksvæðum hafa verið til umræðu. Reglugerð um náttúrulaugar er nýleg og á henni hafa verið gerðar endurbætur í seinni tíma og líkur á enn frekari breytingum.

Dæmi eru um að vatnsból þéttbýlisstaða hafi spillst í leysingum og þannig skapast vandræði í matvælavinnslum og óþægindi fyrir almenning, s.s. vegna vatnsskorts og suðu á vatni til beinnar neyslu á meðan unnið er að úrbótum. Atvik sem þessi koma sér afar illa fyrir matvælaframleiðendum og skapa hættu fyrir almenning. Vandaður frágangur vatnsbóla, reglubundið eftirlit og eftir atvikum uppsetning á geislunartækjum eru lykilatriði.

Því miður kom upp alvarlegt matareitrunartilvik á árinu þar sem einn einstaklingur veiktist af botulisma. Ekki tókst að finna hvaða matvæli olli þessu atviki. Þá kom upp tiltölulega væg matareitrun í skólamötuneyti þar sem nokkrir nemendur og starfsmenn kenndu sér meins. Þegar rökstuddur grunur vaknar um slíkar sýkingar/eitranir eru aðstæður rannsakaðar og eftir atvikum tekin sýni til greiningar. Forvarnir snúast m.a. um hreinlæti og órofna kælikeðju matvæla frá upphafi til enda. Þá er matvælaframleiðendum gert að vinna eigin áhættugreiningu og viðhafa innra eftirlit, allt

eftir stærð og eðli fyrirtækisins. Áhugi á heimaframleiðslu hjá bændum hefur aukist og í flestum tilvikum þarf slík framleiðsla að afla sér starfsleyfis hjá Matvælastofnun (frumframleiðendur, með undantekningu þegar um er að ræða frumframleiðslu matjurta og pökkun matjurta).

Aðgerðir gegn vöðvasulli í sauðfé sem kom upp í Bakkafirði og Þistilfirði hafa gengið vel, en engu að síður mikilvægt að fylgja málinu eftir og vera á varðbergi. Það er afar mikilvægt að öll sveitarfélög haldi skrá yfir alla hunda, jafnt í þéttbýli sem til sveita og framkvæmi lögboðna hundahreinsun að lokinni aðal sláturtíð ár hvert. Sömuleiðis er mikilvægt að hundar komist hvergi í sláturúrgang og hræ og að sveitarfélögin skipuleggi móttöku fyrir dýrahæ og sláturúrgang og eigi viðurkennda farvegi fyrir allar tegundir úrgangs. Förgun á riðufé og áhættuúrgangi sem getur borið með sér riðusmit og skylda sjúkdóma er verulegt vandamál og brýnt að bæta þar úr, m.a. vegna skuldbindinga Íslands skv. EES samningi.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra hefur unnið að endurnýjun á bifreiðum embættisins og fjárfest í umhverfisvænum farkostum að undanfögnu og ráðstafar nú bæði metan bíl og rafmagnsbíl og er reynslan af þessum bílum góð og ánægjulegt að geta sýnt gott fordæmi í orkuskiptum. Eingöngu eru í notkun naglalaus dekk á embættisbifreiðum HNE.

SSNE og heilbrigðisnefnd

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra er samvinnuverkefni sveitarfélaga í Norðurlandi eystra og á vettvangi SSNE er í gildi sérstakur samstarfssamningur milli sveitarfélaga um heilbrigðiseftirlitið.

Heilbrigðisnefnd er skipuð á aðalfundi SSNE að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Fimm nefndarmenn eru tilnefndir af sveitarstjórnunum samkvæmt samstarfssamningi og einn fulltrúi er tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu.

Heilbrigðisnefnd er þannig skipuð:

Frá Akureyri:

Jón Ingi Cæsarsson, formaður

Anna María Jónsdóttir, varamaður

Anna Rósa Magnúsdóttir

Stefán Friðrik Stefánsson, varamaður

Frá öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð:

Lilja Guðnadóttir

Fjóla Stefánsdóttir, varamaður

Frá Norðurþingi:

Benedikt Kristjánsson

Sesselja Guðrún Sigurðardóttir, varamaður

Frá öðrum sveitarfélögum í Þingeyjarsýslu:

Guðmundur Smári Gunnarsson

Þórarinn Þórisson, varamaður

Frá samtökum atvinnurekanda:

Kristín Halldórsdóttir

Sigurgeir Höskuldsson, varamaður

Jón Torfi Halldórsson yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri situr fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Heilbrigðisnefnd heldur að jafnaði 10 fundi á ári. Vegna Covid 19 eru fundir færri í ár.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)

Starfsstöðvar (skrifstofur) HNE eru tvær, á Akureyri og á Húsavík.

Á Akureyri, Furuvöllum 1, starfa þrír heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi og samstarf er um skrifstofuhald við Matvælastofnun (héraðsdýralækni) og náð samstarf um matvælaeftirlit og önnur mál sem skarast. Rannsóknastofan Promat er í sama húsi.

Alfreð Schiöth; starfar sem framkvæmdastjóri eftirlitsins og sinnir jafnframt sviðsstjórn umhverfiseftirlits.

Steinn Oddgeir Sigurjónsson; starfar sem sviðsstjóri matvælasviðs og annast matvælaeftirlit og eftirlit með hættulegum efnum sem því sviði tilheyrir.

Þórey Agnarsdóttir; starfar sem sviðsstjóri hollustuháttaeftirlits og sér um eftirlit með þjónustustofnunum og hættulegum efnum á því sviði.

Á Húsavík, Hafnarstétt 3, Húsavík starfar einn heilbrigðisfulltrúi; Jóhannes Haukur Hauksson, deildarstjóri austurdeildar og hann sinnir eftirliti allra sviða á austursvæðinu. Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi hætti störfum á árinu vegna aldurs og honum er þakkað fyrir farsælt starf um langan aldur.

Starfsmenn hafa með sér samstarf og samráð og leysa hvern annan af eftir þörfum.

Heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með og gefur út starfsleyfi fyrir eftirtalin fyrirtæki:

-Fyrirtæki sem framleiða, framreiða, selja, pakka, dreifa eða flytja matvæli nema slíkt eftirlit sé falið öðrum með sér lögum. Matvælastofnun (MAST) hefur eftirlit með frumframleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða, fiskvinnslum og innflutningi matvæla og fer með yfirumsjón matvælaeftirlits. Samstarf við MAST er náð. Matvæli eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu þar með talið neysluvatn. (undanþegin eru lyf, tóbak og vímuefni önnur en áfengi).

-Fyrirtæki sem framleiða efni og hluti sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli.

-Fyrirtæki sem veita persónulega þjónustu, svo sem gististaðir, skólar, leikskólar, samkomuhús, starfsmannabústaðir, starfsmannabúðir, fangelsi, rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur, íþróttahús, baðstaðir, sundlaugar, sólbaðsstofur, sjúkrastofnanir, læknaðstofur, dvalarheimili og almenn flutningstæki.

-Fyrirtæki sem geta haft í för með sér mengun. Þar undir kemur eftirlit með almennri umgengni við fyrirtæki og eftirlit með öllum þeim úrgangi sem valdið getur skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu hvort sem er á svæðum sem ætlaðir eru fyrir almenning eða einkalóðir.

-Auk þess skal heilbrigðiseftirlitið gefa út tóbakssöluleyfi og hafa eftirlit með ákveðnum þáttum tóbaksvarna.

Heilbrigðiseftirlitinu ber einnig að taka þátt í almennum sóttvörnum ef með þarf (sbr. Covid 19)

Þá eru allar áðendingar og kvartanir kannaðar og fylgt eftir eftir.

U.þ.b. 1300 fyrirtæki eru með starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisfulltrúar veita umsagnir og ráðgjöf um ýmiss málafni, s.s. vegna skipulags, laga- og reglusetningar .

Ársreikningur og fjárhagsáætlun:

Á fundinum liggja fyrir ársreikningur næstliðins árs og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Rekstur ársins 2019 var í góðu jafnvægi. Við gerð fjárhagsáætlunar er miðað við forsendur Akureyrarbæjar. Fjárhagsáætlun 2020 gerir ráð fyrir 8,77 % hækkun milli ára og skýrist hækkunin fyrst og fremst vegna nýrra kjarasamninga. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hækki um sama hlutfall á milli ára og að tekjur aukist lítillega og að þannig verði nokkur hækkun á kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga á milli ára. Samningur er við Akureyrarbæ um umsjón með bókhaldi og fjárreiðum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur unnið tillögur til ráðherra að breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og sömuleiðis reglugerðum varðandi starfsleyfis skyldu/skráningarskyldu í þeim tilgangi að einfalda regluverk atvinnulífsins og auka skilvirkni, minnka skrifræði, einfalda samskipti við opinbera aðila og um leið að halda kostnaði niðri. Þessar tillögur hafa verið í umsagnarferli og skiptar skoðanir um málið. Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi hafa lýst ákveðnum efasemdum um fyrirhugaðar breytingar, s.s. hvað varðar verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar, aukið flækjustig og óvissu um beitingu þvingunarúrræða.

Breytingar á matvælalögum:

Matvælalögum hefur verið breytt þannig að gerð er aukin krafa um samræmingu matvælaeftirlits og skráningar í miðlægan gagnagrunn og Matvælastofnun hefur fengið aukið hlutverk í því að leggja heilbrigðisnefndum lið í innleiðingu á nýjum verkferlum hvað þetta varðar. Á árinu 2020 er Matvælastofnun að fækka umdæmum héraðsdýralækna í áföngum úr sex í fjögur og verktakasamningar gerðir við þjónustudýralækna vegna opinbers eftirlit. Matvælastofnun hefur talað fyrir því að færa matvælaeftirlit frá heilbrigðisnefndum til Matvælastofnunar og sameina þannig allt matvælaeftirlit í landinu undir Matvælastofnun. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) hefur aftur á móti lagt áherslu á að færa verkefni frá ríki til sveitar og að efla samræmingarhlutverk Umhverfis- og Matvælastofnunar. HNE og Matvælastofnun (héraðsdýralæknir) hafa samstarf um rekstur á skrifstofuaðstöðu og fundarsal að Furuvöllum 1, Akureyri. Á árinu 2018 var ráðinn til heilbrigðisnefndar starfsmaður sem hefur víðtæka reynslu í matvælaeftirliti hjá Matvælastofnun gagngert í þeim tilgangi að mæta þeim breytingum sem gerðar hafa verið á matvælalögum varðandi samræmingu eftirlits og skráninga og birtingu á framistöðumati.

Virðingarfyllt



Alfreð Schiöth
framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra